

HAFNARFJÖRÐUR

Suðurgata - Strandgata
Hafnarfirði
Húsakönnun



HAFNARFJÖRÐUR 2022

Unnið samkvæmt beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt FAÍ vann skráninguna.

Björn Pétursson bæjarminjavörður Hafnarfjarðar skrifaði sögulegan inngang.

Rósa Karen Borgþórsdóttir safnvörður á Byggðasafni Hafnarfjarðar aflaði og skráði sögulegar upplýsingar.

Elsa Jónsdóttir landfræðingur hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar gerði kort.

Málfríður Kristjánsdóttir tók ljósmyndir á árinu 2022.

Aðrar ljósmyndir eru úr safni Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Efnisyfirlit:

1. Formáli	1
2. Sögulegur inngangur	2
3. Kort	
Húsaskrá	3
Varðveislumat.....	4
Hverfisvernd.....	5
Hnitaskrá	6
4. Heimildaskrá	7
5. Húsaskráning	
Hamarsbraut	8
Hellubraut	22
Mýrargata	29
Strandgata	30
Suðurgata	39

Formáli

Í desember 2021 fól Hafnarfjarðarbær Málfríði Kristjánsdóttur arkitekt að gera húsa-könnun fyrir svæði milli Suðurgötu og Strandgötu. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig.

Svæðið sem um ræðir er á milli Suðurgötu og Strandgötu, í suðri að Flensborgarstíg en að norðan að Víkingastræti. Deiliskipulag sem er í gildi er frá árinu 2011 með síðari breytingum. Fyrirhugað er að endurskoða það skipulag.

Minjastofnun Íslands lagði til húsaskráningarforrit og hefur veitt leiðbeiningar. Byggðasafn Hafnarfjarðar veitti aðgang að ljósmyndum og aðstoðaði við skráningu á sögu einstakra húsa. Hefur framlag safnsins verið ómetanlegt. Þá hafði höfundur skráningar ótakmarkað aðgengi að teikningasafni og skráðum heimildum byggingafulltrúaembættisins. Öll hús voru ljósmynduð og skoðuð á staðnum.


Skráningin tekur alls til 49 bygginga. Þar af eru 12 friðaðar og ein umsagnarskyld samkvæmt 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er eftirfarandi hverfisverndarákvæði um Suðurgötu, byggð yngri bárujárnshúsa: „Ekki má breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni“.

Varðveislumat húsa á svæðinu er almennt hátt með tilliti til hverfisverndarákvæðisins og tilurð húsanna. Það er mikilvægt að breytingar og viðbyggingar séu hóflegar og í samræmi við götumyndir.

Sögulegur inngangur

Það landsvæði sem þessi húsaskráning nær yfir er á hluta úr tveimur af fjórum bújörðunum sem í Hafnarfirði voru til forna. Austari hluti svæðisins tilheyrði jörðinni Hamarskoti en vestari hluti svæðisins jörðinni Jófríðarstöðum (Ófríðarstöðum). Hamarskots er fyrst getið í heimildum árið 1579 og var þá í eigu Gardakirkju, síðar eignaðist Landsjóður jörðina en árið 1913 keypti Hafnarfjarðarbær megnið af jörðinni og allan þann hluta sem tilheyrir þessari skýrslu. Jófríðarstaða er fyrst getið í heimildum árið 1541 og var hún þá eign Skálholtsdómkirkju en hún varð konungsjörð árið 1563.¹ Bjarni Sívertsen keypti jörðina árið 1804 í þeim tilgangi að reisa þar skipasmíðastöð og greiddi fyrir hana 235 rd. Eftir daga Bjarna gekk jörðin kaupum og sölum uns kaþólska trúboðið eignaðist hana alla árið 1922. Landamerkin á milli þessara tveggja jarða voru „Frjá sjó úr miðjum Hamri við Hafnarfjarðarbotn, beint í landsuður í vörðu norðan til á Kvíholti, þaðan sömu línu í vörðu á norðuröxl á Mosahlíð...“² Af þessu má sjá að megnið af þeim húsum sem hér eru skráð eru á því svæði sem áður tilheyrði Jófríðarstöðum en einungis lítill hluti á landi Hamarskots.



Hafnarfjörður 1902



Suðurbærinn á þriðja áratug 20. aldar

Um og uppúr aldamótunum 1900 fór byggð að aukast á svæðinu en til er kort frá árinu 1902 sem sýnir byggðina vel. Eftir að Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1908 var gerð gangskör í að ná utanum skipulag bæjarins og gefa götum og slóðum nöfn. Árið 1911 var sett á stofn nefnd sem hafði þetta verkefni. Niðurstæða nefndarinnar var meðal annars sú að gata er lá frá húsi Ólafs Theódórssonar (nú Suðurgata 24) að Ásbúðarlæk skyldi bera nafnið Suðurgata. Býlið Skuld, hús Ólafs Sigvaldasonar, býlið Holt o.fl. hús, er stóðu þar í nánd tilheyrðu Skuldarhverfi. Hamar, Hella og önnur hús er stóðu á Hamrinum en ekki við veginn tilheyrðu Vestur-Hamri. Flensborg, Óseyri og Brandsbær héldu sínum nöfnum en vegurinn að Jófríðarstöðum skyldi bera nafnið Jófríðarstaðavegur. Þá var Litli Banki og önnur hús á því svæði sem ekki stóðu við vegin sögð vera við Austur-Hamar en gatan upp að húsi Björns Bjarnasonar átti að heita Selvogsgata.³

Þrátt fyrir að byggð hafi verið í þessum bæjarhluta frá því fyrir aldamótin 1900 fór byggðin ekki að þéttast þar fyrr en seint á öðrum áratug aldarinnar og allt fram á þann fjórða. Þrátt fyrir að einstaka hús hafi bæst við á síðustu árum má í raun segja að svæðið hafi verið fullbyggt og komið í núverandi horf um og uppúr 1950. Langflest húsinn á svæðinu eru og hafa verið íbúðarhús þó þar hafi einnig verið í gegnum tíðina verið að finna verslanir, skóla og skipasmíðastöð.



Suðurbærinn á fjórða áratug 20. aldar

¹ Ásgeir Guðmundsson, Saga Hafnarfjarðar 1908 – 1983, 1. bindi, bls. 25



² Sigurður Skúlason, Saga Hafnarfjarðar, bls. 67

³ Sigurður Skúlason, Saga Hafnarfjarðar, bls. 438-439

Húsaskrá

Friðuð hús
(eldri en 100 ára)


Umsagnarskyld hús
(byggð fyrir 1925)




MKV: 1:2000

HAFNARFJÖRÐUR Suðurgata - Strandgata

Fylgiskjal með húsakönnun



HAFNARFJARÐARBÆR
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
Dags:




MKV: 1:2000

HAFNARFJÖRÐUR Suðurgata - Strandgata

Fylgiskjal með húsakönnun

Húsaskrá
Hverfisvernd




Varðveisluverð heild




Einstök hús, götumynd

Hverfisverndarákvæði í
Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025:
Suðurgata, byggð yngri bárujárnhúsa:
Ekki má breyta útliti eða formi húsa frá
upprunalegu útliti og formi þeirra.
Þar sem viðbyggingar eru leyfðar
samkvæmt deiliskipulagi skulu þær
vera í samræmi við húsið og götu-
myndina í heild sinni.



HAFNARFJARÐARBÆR
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
Dags:




MKV: 1:2000

Húsaþrá
Varðveislumat húsa


- Hátt varðveislugildi
- Miðlungs varðveislugildi
- Lágt varðveislugildi

HAFNARFJÖRÐUR
Suðurgata - Strandgata

Fylgiskjal með húsaþrá



HAFNARFJÖRÐUR
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
Dags:



MKV: 1:2000


Húaskrá

Hnitapunktur og hnitaskrá

AUSTUR	NORÐUR	HEITI
355667.782	398992.116	1 Strandgata 71
355674.693	399011.882	2 Strandgata 69
355689.868	399033.634	3 Heilubraut 9
355707.961	399048.240	4 Heilubraut 7
355713.789	399065.020	5 Heilubraut 5
355728.402	399081.800	6 Heilubraut 3
355740.049	399094.900	7 Heilubraut 8
355760.082	399087.421	8 Heilubraut 6
355802.947	399077.284	9 Suðurgata 28
355751.987	399071.105	10 Hamarsbraut 4
355744.507	399051.804	11 Hamarsbraut 6
355735.635	399019.438	12 Hamarsbraut 8
355733.285	399001.874	13 Hamarsbraut 10
355727.840	398986.649	14 Hamarsbraut 12
355719.893	398967.121	15 Hamarsbraut 14
355710.370	398944.102	16 Hamarsbraut 16
355727.670	398936.250	17 Hamarsbraut 17
355740.613	398979.528	18 Hamarsbraut 11
355747.872	398993.543	19 Hamarsbraut 9
355756.608	399010.340	20 Hamarsbraut 7
355760.113	399024.741	21 Hamarsbraut 5b
355761.787	399029.865	22 Hamarsbraut 5a
355772.416	399038.822	23 Hamarsbraut 3
355780.739	399064.124	24 Heilubraut 1
355800.703	399059.637	25 Suðurgata 30
355797.455	399043.351	26 Suðurgata 32
355783.718	399019.697	27 Suðurgata 36
355776.323	399008.203	28 Suðurgata 38 Bjarnabær
355769.695	398951.125	29 Suðurgata 44
355716.078	398905.244	30 Suðurgata 48
355656.791	398873.003	32 Suðurgata 54
355642.014	398866.477	34 Suðurgata 58
355631.150	398860.310	36 Suðurgata 60
355615.090	398851.405	38 Suðurgata 62
355600.986	398844.778	37 Suðurgata 64
355583.664	398832.566	38 Suðurgata 66
355564.310	398826.034	39 Suðurgata 68
355543.955	398815.178	40 Suðurgata 70
355542.740	398855.700	41 Strandgata 85
355565.278	398859.979	42 Strandgata 83
355582.969	398871.055	43 Strandgata 81
355598.645	398881.375	44 Strandgata 79
355626.976	398880.682	45 Myraragata 2
355678.990	398909.855	46 Suðurgata 52 Myrarhúsið
355617.245	398915.219	47 Strandgata 75 Dröfn
355670.696	398944.465	48 Strandgata 73B
355679.109	398971.566	49 Strandgata 73 Hella

HAFNARFJÖRÐUR
Suðurgata - Strandgata

Fylgiskjal með húsakönnun



HAFNARFJÖRÐARBÆIR
UMHVERFIS OG SKIPULAGSSVIÐ

Dags:

Heimildaskrá:

Ásgeir Guðmundsson (1983), *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983*, Skuggsjá

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, (2014), Hafnarfjörður

Lúðvík Geirsson (1994) *Saga verslunar og kaupmennsku í Hafnarfirði í sex hundruð ár*,

Símaskrár (1957, 1961, 1974), Póst- og símamálastjórnin

Brunavirðingar: Virðingabækur Brunabótafélags Íslands A – N.

Dagbók byggingafulltrúans í Hafnarfirði 1927 - 1942

Fasteignaskrá/Þjóðskrá Íslands skra.is

Fundagerðir Byggingarnefndar 1917-1946

Fundagerðir byggingarnefndar 1947-1975

Lóða- og byggingaumsóknir: Fágæti, Bókasafn Hafnarfjarðar.

Lóðaleigusamningar

Morgunblaðið 9.2.1940

Morgunblaðið 17.8.1989

Morgunblaðið 4.4.2006

Manntalsskrá Hafnarfjarðar 1913 - 1917, 1924 - 2000

Sóknarmanntal Garðaprestakalls 1821 - 1935

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Hafnarfirði

Tímarit iðnaðarmanna 1.8.1959 bls. 12

Tímarit.is

Þjóðviljinn 10.6.1979 bls. 2

Fyrsti eigandi: Steingrímur Torfason

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	Grunnmynd hæðar og ris lengt yfir gamla innganginn.	Páll Valur Bjarnason, arkitekt
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur		

Saga:

Samkvæmt lóðaleigusamningi fyrir Hellubraut 1 þann 5.9.1907 er lóð Helga Þórðarsonar þurrabúðarmanns sunnan við lóðina. Brandur Guðmundsson átti húsið 1917 og á undan honum Steingrímur Torfason. Hann býr þar 1920 ásamt annarri fjölskyldu. Árið 1927 eru Friðrikkja Bjarnadóttir og Guðmundur Þorvaldsson skráð í húsinu. Aðalbjörg Jónsdóttir og Bjarni Ólafsson keyptu hús á hamrinum um 1930. Árið 1940 er Aðalbjörg ein skráð eigandi hússins. Dóttir þeirra var Friðrikkja en þau ólu upp dreng úr sveitinni, Trausta Pálsson sem vann hjá rafveitunni og var faðir Rannveigar fyrrum bæjarfulltrúa.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað en fellur vel að byggðinni.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúasaga hússins er þekkt og stækkun þess er í anda við breyttar þarfir t.d. á stærð íbúða.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið hefur aðra mænisstefnu en önnur hús við götuna en það er hluti sögunnar..
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað og útlit nokkuð breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er haldið vel við

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna aldurs.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Sigurður Einarsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Kúbískt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Grunnmynd samþykkt 19.10.1989



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Sléttir	Sléttir		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Tvílyft; Svalir	Tvílyft; Svalir		

Saga:

Úlfar Brynjólfsson byggði húsið. Nýlegt hús sem ekki hefur skapað sér sögu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Íbúðarhús frá lokum 20. aldar þar sem tekið hefur verið tillit til staðsetningar við hönnun.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um hús frá þessum tíma.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fer vel á horni götunnar og mikilvægur hluti götummyndar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand hússins gott.

Varðveislugildi: Miðlungs Gott dæmi um vel hannað hús frá lokum 20. aldar.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti


Fyrsti eigandi: Samræmi ehf.

Hönnuður: Svava Björk Jónsdóttir, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt hús

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Grunnmynd 1. hæð



23.08.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk		
Útveggir:	Ál	Ál		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útliit:	Tvílyft; Svalir	Tvílyft; Svalir		

Saga:

Teikningar samþykktar 9. maí 2018. Hús fókelt 2022.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið lætur lítið yfir sér.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hús í byggingu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fellur að götmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er í smíðum 2022.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ætti að vera í góðu lagi sem nýtt hús

Varðveislugildi: Miðlungs Nýtt hús sem fellur að götmyndinni.

Verndarflokkar:


Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Jón Guðmundsson, arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt hús, lok 20. aldar

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Grunnmynd 1. hæð. Samþykkt 12.11.2002



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Hraunað	Hraunað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Glerskáli/Sólstofa; Svalir	Tvílyft; Glerskáli/Sólstofa; Svalir		

Saga:

Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlung	Húsið nokkuð dæmigert fyrir einbýlishús í lok 20. aldar með sólstofu, góðum svolum og skjólgóðum inngangi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Dæmigert hús fyrir sinn tíma.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið sker sig ekki úr umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand hússins gott.

Varðveislugildi: Miðlung Snýrtilegt hús frá lokum 20. aldar. Hluti af götumynd Hamarsbrautar.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti


Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Jón Guðmundsson. arkitekt

Upphaflegur byggingarstíll: Blandaður stíll

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Grunnmynd 1. hæð. Samþykkt 9.2.2011



20.01.2022. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Liggjandi báruál	Liggjandi báruál		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárustál	Bárustál		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir		

Saga:

Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús frá 2. tug 21. aldar. Form hússins er í anda gömlu timburhúsanna en er stærra og báruklæðning liggjandi. Gluggasetning í anda fúnkis.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Áhugaverð aðlögun að húsum í grónu hverfi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur vel að umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er upprunalegt 2022.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand gott.

Varðveislugildi: Miðlungs Nýtt hús.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðmundur Sveinsson
 Hönnuður: Kr. Georgsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1980. Byggðasafn Hafnarfjarðar



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1979 Inngangsskýli við norðurhlíð. Það var rífið 2012.	Óli Valur Þórðarson, arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Gaflsneitt þak	Gaflsneitt þak	2012 Viðbygging á suðurhlíð, nýr aðalinngangur, svalir stækkaðar.	Luigi Bartolozzi, arkitekt
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Læst klæðning (t.d.		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Svalir	Tvílyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Viðbygging		

Saga:

Húsið reisti Guðmundi Sveinssyni rafvirkjameistari fyrir sig og fjölskyldu sína árið 1947. Ókunnugt er hver hönnuður hússins er en byggingarmeistari var Steingrímur Bjarnason. Guðmundur sá sjálfur um raflagnir í húsinu en hann sá síðar um raflögð í Sólvangi, hjúkrunarheimili Hafnirðinga.

Guðmundur eignaðist hlut Jóns Sveinssonar í raftækjaversluninni Glóa í Hafnarfirði árið 1952. Sama ár er reistur skúr á lóðinni eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar. Þá eru nýir eigendur að húsinu, Stefán Jónsson og Hulda Þórisdóttir. Sumarið 1989 fékk garðurinn við húsið viðurkenningu fyrir fallegan garð. Garðræktin hófst um 1954 og eru há tré í honum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Góður fulltrúi fyrir steinsteyp hús frá miðbiki síðustu aldar. Viðbygging fellur vel að formi hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Mikil natni hefur verið við viðhald og garð umhverfis húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti af götummynd við Hamarsbraut vestanverða.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Gluggapóstar óbreyttir, aðeins viðbygging að sunnan er ný.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er mikilvægur hluti götummyndarinnar og er nokkuð upprunalegt.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Gunnlaugur Jónsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1980, Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk		
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Viðbygging; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	1948 Gluggum bætt við á norðausturhlíð, kvistur á suðausturhlíð. Húsið teiknað upp. Kvistur á norð-vesturhlíð. Íbúð samþykkt í risi.	Jóhann Kristinsson, byggingafræðingur Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi

Saga:

Húsið er byggt á svonefndri Bjarnabæjarlóð og byggði Gunnlaugur Jónsson sjómaður það. Gunnlaugur lést árið 1924 og varð þá ekkja hans Jakobína Þorsteinsdóttir eigandi hússins. Það ár bjuggu 14 manns í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlung	Húsið er gott dæmi um bárujárnsklætt timburhús frá árunum um 1920.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Hús með íbúasögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hornhús á móti Hamarsbraut 11 en þau marka stíg upp á Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið líftið breytt fyrir utan kvisti.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlung Húsið hefur hátt varveislugildi vegna aldurs, staðsetningar og forms.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Guðmundsson
 Hönnuður: Sigurður Guðmundsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1980. Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Gaflsneitt þak	Gaflsneitt þak		
Þakklæðning:	Steinskífur	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Svalir; Kjallari		

Saga:

Hamarsbraut 10 byggðu hjónin Jón E. Guðmundsson járnsmiður og Halldóra Sigurðardóttir kona hans eftir teikningu Sigurðar Guðmundssonar en raflögn var í höndum Guðmundar Sveinssonar.

Jón starfaði um langt árabíll í Vélsmiðjunni Kletti en faðir hans hafði komið að stofnun vélsmiðjunnar.

Árið 1953 var reist bílgeymsla við Hamarsbraut 10 eftir teikningu Sigurðar Jóns Ólafssonar. Jón var hagleiksmaður mikill og eru til eftir hann þjóðlegir skrautmunir og kertastjakar sem hann smíðaði í geymslunni. Þegar heilsu Jón fór að hraka hafði hann smíðaaðstöðu í kjallara hússins.

Bræðurnir Hreiðar smiður og Sigurður Sigurjónssynir leikari ólust upp í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Einfalt steipt hús í góðum hlutföllum
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Nokkuð dæmigert hús á 5. áratug síðustu aldar með þekktu íbúasögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd vestan Hamarsbrautar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Ytra form og gluggapóstar lítið breyttir en skipt hefur verið um þakefni.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsin hefur verið haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlung Einfalt, lítið breytt hús í góðu standi. Hluti af götummynd.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Kristjánsson
 Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1980. Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	Íbúð í risi, kvistur á vesturhlíð.	Ingi Kristjánsson
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Hamarsbraut 10 byggðu hjónin Valgerður Jóna Ívarsdóttir og Sigurður Kristjánsson vélstjóri. 1931 fékkst leyfi fyrir kvisti á „bakhlíð“ hússins sem þá var Suðurgata 14c. Um verkið sá Ingi Kristjánsson. Bilgeymsla reis svo á lóðinni árið 1968 eftir teikningu Stefáns Sigurbents.

„Húsið á Hamarsbraut var kjallari, hæð og ris og var reist á rúmum mánuði. Risið og kjallarinn voru lengst af í útleigu en tvö af börnum þeirra byrjuðu búskap í risinu ásamt mökum, Auður og Bjarni, Siggi og Rúna. Grunnflötur hússins var 39 fermetrar. Þegar flest var voru 19-20 manns í húsinu og alltaf var pláss fyrir 1-2 til að gista. Ekki var gert ráð fyrir baðherbergi í þessu húsi. Fyrst var útikamar undir tröppunum en seinna var klósett í kjallaranum en þó þurfti að fara út og inn í kjallarann til að fara á klósettið. Enginn baðastaða var í raun í húsinu en baðkar var sett tímabundið upp í risið seint en var ekki lengi. Þurfti að dæla vatninu í baðkarið sem búið var að hita í þvottapottinum í kjallaranum. Aldrei var heitt vatn í húsinu á meðan amma bjó þar.

Mikið var sungið og spilað á orgel á Hamarsbrautinni bæði á jólum og þess utan. Þar voru móðurbróðir og föðursystur og fleiri ættingjar. Seinna þegar fjölskyldan stækkaði var spilað og sungið í kjallaranum undir harmónikkuspili“. (Guðrún Sigurðardóttir).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt klassískt hús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hús með sögu um fjölda íbúa og breytingar t.d. á hreinlætisaðstöðu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hornhús á móti Hamarsbraut 9 en þau marka stíg upp á Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu vel haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Gott dæmi um lítið klassískt steyp hús sem er hluti af götumynd.

Verndarflokkar: Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Spennistöð

Núverandi notkun: Spennistöð



01.02.2022 M.K.



01.02.2022 M.K.

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak
Þakklæðning:		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt
Útlit:	Einlyft; Útitróppur	Einlyft; Útitróppur

Saga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Lítið lagt í hönnun mannvirkisins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Dæmi um spennistöð frá 4. áratug síðustu aldar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Spennistöðin er ekki áberandi í umhverfinu
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Virðist lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Múr þarfnast viðgerðar.

Varðveislugildi:

Lágt

Bygging sem hefur verið reist í ákveðnum tilgangi. Ef ekki verður þörf fyrir spennistöðina í framtíðinni þá er varðveislugildi byggingarinnar lítið.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ámundi Eyjólfsson
 Hönnuður: Haukur Jónsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1947 Kvistir samþykktir, ekki byggðir þá.	Kristm. Georgsson
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak/flöt þök	2005 Viðbygging, hæð ofan á bílskúr.	Karl Magnús Karlsson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp	2015 Viðbygging sunnan við húsið, steyp og klædd að utan.	Karl Magnús Karlsson, arkitekt
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Svalir; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Húsið byggði Ámundi Eyjólfsson árið 1933 eftir teikningu Hauks Jónssonar húsasmíðameistara. Árið 1947 er samþykkt breyting á húsinu eftir teikningu Kristmundar Georgssonar, teikningin glötuð, ekki vitað hver breytingin var eða hvort hún hafi verið framkvæmt. Kvistur var settur á húsið eftir 1980. Ámundi Eyjólfsson bjó í húsinu í rúmlega 50 ár en hann lést árið 1993. Karl Magnús Karlsson arkitekt stækkaði það fyrst til norðurs árið 2005 og síðan til suðurs 2015.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlung	Upprunalega klassískt steypt hús sem hefur verið stækkað til beggja enda þar sem yfirborð er ekki það sama á viðbyggingu sunnan við húsið og að norðan. Blandaður stíll.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Hús með viðbyggingasögu.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Hluti af götummyd vestan Hamarsbrautar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur mikið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur fengið gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlung Vegna ástands og sem hluti götummyndar.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður H. Jóhannsson
 Hönnuður: Árni Ólafsson, arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Skandinavískur stíll

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



01.02.2022 M.K.



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir		

Saga:

Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt, stílhreint hús
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið á sér ekki sögu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fellur vel að götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.

Varðveislugildi: Miðlungs Tiltölulega nýlegt hús í góðu standi.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Þröstur Valdimarsson
 Hönnuður: Jón Guðmundsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Blandaður stíll

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Grunnmynd jarðhæðar. Samp. 4.12.2012



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Steinað	Steinað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárustál	Bárustál		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir; Kjallari		

Saga:

Nýlegt hús sem ekki hefur náð að skapa sér sögu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlung	Húsið er blanda af skanináviskum stíl með hafnfirskum kvistum og bogadregnum svölum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið fellur vel að götmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið lítur vel út.

Varðveislugildi: Miðlung Nýlegt hús í góðu standi sem fellur að götmyndinni.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Guðmundsson
 Hönnuður: Emil Jónsson. verkfræðingur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Um 1980 Byggðasafn Hj.



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Á lóðinni stóð áður bærin Steinar eða Steinstaðir hefðbundinn íbúðarbær byggður árið 1887 að talið er, með hlaðna útveggi úr tilhöggnu grjóti en þak og stafnar úr járnvörðu timbri. Bærinn stóð allt fram til ársins 1987, var hann þá fyrir löngu orðin óíbúðarhæfur en hafði lengi verið notaður geymsla. Árið 1917 var á lóðinni reist timburhús á hlöðnum kjallara, það ár var hætt að búa í gamla bænum. Timburhúsið var flutt á Suðurgötu 54 þegar núverandi hús var reist sem er steinsteipt eftir teikningum Emils Jónssonar þáverandi bæjarverkfræðings.

Húsið stóð á glæsilegum útsýnistað, og hafði innbyggðan bílskúr sem þótti mikil nýlunda í þá daga.

Íbúðarhús sem byggt var á lóðinni 1917 á hlöðnum kjallara var flutt á Suðurgötu 54. Emil Jónsson þá bæjarverkfræðingur og síðan bæjarstjóri í Hafnarfirði teiknaði núverandi hús sem ber heitið Steinar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Reisulegt steipt hús í góðum hlutföllum. Verk Emils Jónssonar verkfræðings.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Góður fulltrúi síns tíma og mikil saga á lóðinni.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Rýmra um húið en önnur við götuna.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Hefur fengið gott viðhald.

Varðveislugildi: Miðlung Húsið gott höfundarverk Emils Jónssonar og hefur haldið upprunalegu útliti.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Stefán Sveinbjörn Sveinsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Norrænt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1943 Geymsluskúr að sunnan endurbyggður, hækkaður og tengdur	Guðjón Arngrímsson, byggingameistari
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1952 Teikning liggur ekki fyrir, gæti verið gluggabreyting.	Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1990 Viðbygging, húsið breikkað um 133 sm til vesturs, kvistur og útbygging.	Óli Valur Þórðarson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	2015 5 nýjir þakgluggar, gluggum á norðurhlíð breytt og innra	Borghildur Sturludóttir, arkitekt
Undirstaða:	Steinlímdur grásteinn	Steinlímdur grásteinn,		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Þorbýggt; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Þorbýggt; Ris; Svalir; Kjallari		

Saga:

Þann fimmta september árið 1907 var útgefinn lóðaleigusamningur fyrir Stefán Sveinbj. Sveinsson. Lóðin hafði hvorki heiti né númer en árið 1911 er hún skráð Vesturhamar 1. Stefán ásamt konu sinni og syni á fyrsta ári höfðu komið til Hafnarfjarðar á fardögum 1907 og skráð ásamt foreldrum hans til heimilis í nýreistu húsinu samkvæmt manntali það árið. Stefán lést í mars 1908, Bjó þá ekkja hans og sonur í húsinu í nokkur ár en fluttu þá til Reykjavíkur. Foreldrar Stefáns bjuggu hins vegar þar lengur. Húsið var hefðbundið einnar hæðar járnvarið timburhús með kjallara hlöðnum úr grágrýti.

Árið 1916 er Guðjón Magnússon skráður eigandi samkvæmt brunavirðingu en það ár byrjaði Brunabótafélag Íslands að meta öll hús landsins. Guðjón hafði búið í húsinu ásamt fjölskyldu frá 1914.

Bergsteinn Sigurðsson eignaðist síðan húsið og fékk leyfi bygginganefndar 3. maí 1943 til að breyta því og aftur 24. júní 1952. Það var síðan breikkað á tíunda áratug síðustu aldar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Upphaflega einfalt stílhreint timburhús sem hefur verið stækkað mikið. Viðbyggingar vel heppnaðar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið á sér sögu um breytilegan íbúafjölda og af fólki sem flutti til bæjarins og byggði sér einfalt hús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Timurhús sem er hluti af þyrpingu frá upphafi 20. aldar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur að minnsta kosti tvisvar verið stækkað.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna ástands, sögu og sem hluti af heild.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristrún Kristjánsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Guðmundsson. Sigurður P. kristjánsson

Núverandi notkun: Íbúð

byggingatæknifræðingur



20.01.2022 M.K.



20.01.2022 M.K.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Timbur, stafverk
 Útveggir: Steniklæðning
 Þakgerð: Einhalla (skúrþak)
 Þakklæðning: Bárújárn
 Undirstaða: Steinsteipt
 Útlit: Svalir; Pallahús

Núverandi

Timbur, stafverk
 Steniklæðning
 Einhalla (skúrþak)
 Bárújárn
 Steinsteipt
 Svalir; Útitröppur;
 Pallahús

Helstu breytingar:

2021 Svalir breikkaðar til suðurs og undir þeim köld útigeymsla.

Hönnuðir breytinga:

Friðrik Friðriksson, arkitekt

Saga:

Nýtt hús eða nýlegt (1984) Ekkert hús stóð þarna áður en lóðin tilheyrði Vesturhamri 2, en húsið á þeirri lóð stóð þar sem nú er Hamarsbraut 2.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Húsið er einfalt pallahús.
 Menningarsögulegt gildi: Lágt Húsið á sér tiltölulega stutta sögu.
 Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið er á horni og ekki áberandi.
 Upprunalegt gildi: Hátt Húsið lítið breytt
 Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsinu er haldið við.

Varðveislugildi:

Miðlungs Venjulegt hús á horni sem lætur lítið yfir sér.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Gunnar Hjaltalín
 Hönnuður: Helgi Már Hallgrímsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: 21. aldar hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



20.01.2022 M.K.



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Zink og steinklæðningar	Zink og steinklæðning		
Þakgerð:	Mænispak/flatt þak	Mænispak og flatt þak		
Þakklæðning:	Læst klæðning (t.d.)	Læst klæðning (t.d.)		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir	Tvílyft; Reykháfur; Svalir		

Saga:

Nýtt hús sem ekki hefur náð að skapa sér sögu, á lóð sem ekkert hús stóð áður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Nýtt 21. aldar hús. Efnisval samkvæmt tísku á öðrum áratug aldarinnar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur mjög vel að umhverfinu, tranar sér ekki fram.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Nýtt hús
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýtt hús

Varðveislugildi: Miðlungs Nýbygging á góðum stað.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður Valdimarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll



Fyrir stækkun, mynd frá eiganda.



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	Endurteiknað og kjallari stækkaður.	Erling Grosen Pedersen, arkitekt
Útveggir:	Bárujárn	Sléttar plötur	1968 Húsið stækkað um 64.4 ferm.	Kjartan Sveinsson, byggingafræðingur
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Húsið byggðu hjónin Sigurður Valdimarsson og Sigríður Böðvarsdóttir. Húsið fékk númerið 7 við Vesturhamar þó næstu hús voru númer 2 og 3. Hver ástæðan var fyrir þessu númeri er óljós en það var þá yngsta húsið við götuna.

Sigurður Valdimarsson var trésmíður að mennt, hafði hann reist fjölmörg hús í Húnavatnssýslu áður en hann kom til Hafnarfjarðar. Hann var einn af 12 félögum sem stofnuðu Skipasmíðastöðina Dröfn og byggingafélagið Þór hf, átti hann uppástunguna að Drafnamafninu. Einnig kom Sigurður að stofnun Trésmíðafélags Hafnarfjarðar og átti sæti í fyrstu stjórn þess. Húsið Vesturhamar 7 var reisulegt timburhús klætt bárujárn á steinsteyptum kjallara. Árið 1965 var samþykkt veruleg breyting á húsinu sem þá var orðið Hellubraut 6 eftir teikningu Kjartans Sveinssonar. Sigurður Valdimarsson lést árið 1965. Var breytingin háð því „skilyrði að viðbyggingin og endurbætur á eldra húsi auki ekki á bótaskyldu bæjarsjóðs ef um eingarnám yrði að ræða vegna skipulags. Þá verði haft samráð við slökkvistjóra um gerð og frágang opna eldstæðisins“.

Samkvæmt núverandi íbúa bjuggu ellefu manns í húsinu fyrir stækkun. Sigurður Valdimarsson stækkaði og breytti húsinu 1968-1969 en Oddur Borgar Björnsson keypti húsið af honum 1986.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Timburhús sem hefur verið breytt mikið og án tillits til upprunalegs útlits og enfnisvals.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Saga um breytingar og tísku í byggingarlist.

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið lætur lítið fyrir sér fara.

Upprunalegt gildi: Lág Húsinu hefur verið mikið breytt, ris lækkað, það stækkað og plötuklætt.


Tæknilegt ástand: Miðlungs Virpist í sæmilegu standi.

Varðveislugildi: Miðlungs Dæmi um hús sem hefur tekið miklum útlisbreytingum í samkvæmt þeim tíðaranda sem ríkti þegar þær voru gerðar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Gunnar Hjaltalín
 Hönnuður: Helgi Már Hallgrímsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: 21. aldar hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Þrívíddarteikning 10.07.2017



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Zinkklæðning, timbur	Zinkklæðning og timbur		
Þakgerð:	Mænisþak/flatt þak	Mænisþak og flatt þak		
Þakklæðning:	Læst klæðning (t.d.)	Læst klæðning (t.d.)		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		

Saga:

Þar sem nú er nýrrið íbúðarhús að Hellubraut 7 stóð áður torfbær reistur árið 1891 af Pétri Friðrikssyni Velding, nefndi hann bæinn Miðengi. Sonur hans Jón Bergsteinn reisti síðan upp úr bænum reisulegt timburhús. Húsið tók örlitlum breytingum í anda þess tíma er breytingarnar voru gerðar ásamt viðbyggingu inn í lóðina. Þegar hús fengu númer við götu varð Miðengi að Vesturhamri 4. Þrátt fyrir að húsið hafði náð ríflega 100 ára aldri var samþykkt af Minjastofnun að það viki fyrir núverandi nýbyggingu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Nýtt 21. aldar hús. Efnisval samkvæmt tísku á öðrum áratug aldarinnar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur ekki náð að skapa sér sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur mjög vel að umhverfinu, tranar sér ekki fram.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Nýtt hús.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýtt hús.

Varðveislugildi: Miðlungs Nýbygging á góðum stað.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur
 Upphaflegur byggingarstíll: Brútalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



01.02.2022 MK



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Múrsléttað og hraunað	Hraunað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útliit:	Tvílyft; Svalir	Tvílyft; Svalir		

Saga:

Húsið Hellubraut 8 var reist árið 1987 eftir teikningu Sigurðar Þorvarðarsonar. Lítið annað er um það að segja.

Á þessari lóð stóð áður timburhús á hlöðnum kjallara reist árið 1903 af eða fyrir ekkjuna Geirlaugu Sveinsdóttur sem nýkomin var til Hafnarfjarðar frá Hausastöðum í Garðahreppi. Þegar hús fengu númer við götur varð húsið Vesturhamar 3. Árið 1984 var húsið auglýst til niðurrifs og brottflutnings af Hafnarfjarðarbæ. Árið 1987 var gamla húsið flutt í heilu lagi upp í Borgarfjörð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Mikill steinsteypuarkitektúr í anda 9. áratugs 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Tiltölulega ungt hús sem hefur ekki skapað sér sögu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Stendur á Vesturhamri og er fulltrúi byggingar frá 9. áratugs 20. aldar en byggingar við Hellubraut eru fulltrúar ýmissa stíltegunda liðinna 50 ára.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Fulltrúi steinsteypuarkitektúrs 9. áratugs 20. aldar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sveinn Jónsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar eftir 1920

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1974 Breyting á gluggum og þaki.	Jón Bergsson
Útveggir:	Bárujárn	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1980 100 fermetra viðbygging vestan við húsið. Bílskúr teiknaður.	Óli Guðmundur Þórðarson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Steypt, hlaðin í múr	1998 Gert kjallaraherbergi í suðurenda og útisvalir í suður og vestur.	Páll Valur Bjarnason, arkitekt
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Reykháfur	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Svalir; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Elstu heimildir Hellubrautar 9 ná allt aftur til ársins 1828 er þar byggði fyrstur Erlendur Sigmundsson húsmáður. Hamar var lítill torfbær en nokkur lóð fylgdi honum og voru þar matjurtagarðar. Jón Sveinsson átti Hamar 1912 og sennilega Sveinn Jónsson eftir hann en Jóhannes Þorsteinsson sjómaður er eigandi þegar ódagsett lóðalýsing var gerð (1913?). Í fasteignamati Hafnarfjarðar um 1916 er húsið metið ásamt inngöngu og geymsluskúr við norðurenda þess og Jóhannes skráður eigandi. Þá var fjárhús úr torfi og grjóti með timburþaki á lóðinni. Lóðin var girt með grjótgardi og vír og af henni fengust 10 hestburðir af töðu og þrjár tunnur af kartöflum. Samkvæmt brunavirðingu 1917 er sagt að síðasti eigandi hafi verið Sveinn Jónsson og því ekki alveg ljóst hvor byggði húsið hann eða Jóhannes né hvaða ár það var byggt. Þann 24. ágúst 1920 fékk Jóhannes leyfi til að framlengja húsið um 3.15 m samkvæmt teikningu sem ekki liggur fyrir en samkvæmt brunavirðingu 2. nóvember sama ár hefur húsið verið stækkað til suðurs. Jóhannes notaði sjálfur eignina og leigði öðrum af húsinu. Árið 1922 er starfsheiti Jóhannesar bílstjóri og sagt að hann leigi öðrum eignina en 1931 er Þóra Jónsdóttir ekkja Jóhannesar skráður eigandi.

Einar Pálsson stækkaði húsið með samsíða viðbyggingu vestan við eldra húsið 1980 og 1998 var gert kjallaraherbergi undir suðurenda viðbyggingarinnar og svalir í suður og vestur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Elsti hlutinn dæmigerður fyrir timburhús í Hafnarfirði í upphafi aldarinnar. Húsið hefur verið stækkað mikið til vesturs og norður. Viðbygging stendur hátt á Vesturhamri.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið og umhverfi þess á sér sögu og einnig saga um stækkun í takti við breytta tíma.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur hátt og sést víða.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt frá upprunalegri mynd m.a. stækkað mikið og er nú með timburklæðningu. Elsti hlutinn stendur enn.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna elsta hlutans, staðsetningar og sögu.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Haukur Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Guðmundur H. Þorláksson, byggingarmeistari

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



17.02.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp
 Útveggir: Steining, skeljasandur
 Þakgerð: Valmaþak
 Þakklæðning: Bárujárn
 Undirstaða: Steinsteyp
 Útlit: Tvílyft; Reykháfur;
 Svalir; Útitróppur;
 Kjallari

Núverandi

Steinsteyp
 Steining, skeljasandur
 Valmaþak
 Bárujárn
 Steinsteyp
 Tvílyft; Ris; Reykháfur;
 Svalir; Útitróppur;
 Kjallari

Helstu breytingar:

1971 Íbúð samþykkt í kjallara
 1976 Gluggapóstum breytt
 2004 Ný grunnmynd sem sýnir notkun á rishæð.

Hönnuðir breytinga:

Friðþjófur Sigurðsson,
 byggingarfulltrúi
 Sigurþór Aðalsteinsson,
 arkitekt

Saga:

Haukur Guðmundsson er skráður eigandi á fyrstu teikningu.

Árið 1959 þegar bílskúr er teiknaður, eru þá eigendur Jónas og Jóhann Sveinssynir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Dæmigert fúnkishús frá miðbiki 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágð Lítið vitað um sögu hússins.

Umhverfisgildi: Miðlungs Eina húsið við Mýrargötu og er frá sama tíma og hús við Strandgötu 79-85 .

Upprunalegt gildi: Hátt Útlitslega hefur aðeins gluggapóstum verið breytt.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Komið að viðhaldi á svölum, þakkanti og viðgerð á sprungum.

Varðveislugildi:

Miðlungs Húsinu svipar í útliti til húsanna við Strandgötu 79-85 og flokkast sem hluti af þeirri heild.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón Helgi Jóhannesson
 Hönnuður: Guðbjörn Guðbergsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1980 Byggðasafn Hafnarfjarðar



17.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1980 Gluggapóstum breytt	Friðbjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Útveggir:	Steining, skeljasandur	Steining, skeljasandur		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Ris; Reykháfur	Tvílyft; Ris; Reykháfur		

Saga:

Strandgata 69 var byggt af Byggingafélaginu Þór fyrir Jón Helga Jóhannesson eftir teikningu Sigurðar J. Ólafssonar og Friðbjófs Sigurðssonar. Um Raflögn sá O. Guðjón Ormsson rafvirki. Jón Helgi fæddist í Hamri (Hellubraut 9) og var ávallt kenndur við fæðingarstað sinn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Nokkuð dæmigert hús frá miðbiki síðustu aldar, stining, valmaþak og steyptra þakrennur.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Nær ekkert viðað um sögu hússins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af húsaröð við Vesturhamar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Útlit upprunalegt nema að gluggapóstum hefur verið breytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Kominn tími á að gera við múrskemmdir og þakkanta.

Varðveislugildi: Miðlungs Hluti af húsaröð við Vesturhamar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Einarsson
 Hönnuður: Þorsteinn Einarsson, skipstjóri
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar 12.04.1980



17.02.2022 MK

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	1995 Mænisþak og kvistir,	Pétur Örn Björnsson, arkitekt
Útveggir:	Steining, skeljasandur			
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir	Tvílyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur		

Saga:

Þorsteinn Einarsson skipstjóri er sagður hafa byggt Strandgötu 71 fyrir heitmey sína en þau gengu í hjónaband í janúar 1948 og hófu búskap í nýbyggðu húsinu.
 Aðrar heimildir um húsið eru heldur hljóðar.
 Árið 1995 var byggð rishæð með kvistum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Byggð hefur verið hæð með stórum kvistum á funkishús í anda arkitektúrs í lok 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Lítið vitað um sögu hússins nema stækkunarsögu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af húsaröð við Vesturhamar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Útlit hússins mikið breytt við að ný rishæð var reist.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur verið gert upp að utan.

Varðveislugildi: Miðlungs Hluti af húsaröð við Vesturhamar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Halldór og Gísli Guðmunds.
 Hönnuður: Þorbergur T. Stefánsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Úr mynd Flensburg



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1982 Viðbygging og kvistir	Sigurður Thoroddsen, arkitekt
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinlímdur grást. og	Steinlímdur grásteinn		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Viðbygging		

Saga:

Þar sem nú er húsið Strandgata 73 reisti Guðmundur Guðmundsson sjómaður ásamt Sigríði, konu sinni bæ er þau nefndu Hellu. Bæinn reistu þau árið árið 1877, var hann nokkuð stór með hlaðna útveggi úr tilhöggnu grjóti steinlímdu húðað með sjávarsandi og kalki úr Esjunni. Árið 1922 var núverandi hús reist úr efni gamla Hellubæjarins.

Kvistir voru settir á húsið 1982 og byggt við það, þá í eigu Björns Thoroddsens flugstjóra og listflugmanns.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Reisulegt hús frá 3. tug 20. aldar þar sem viðbygging er lágstend og kvistir af hafnirskri gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið stendur hátt og hefur verið áberandi í bæjarmyndinni.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti af ásýnd svæðisins vegna staðsetningar.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsið hefur verið stækkað og reistir kvistir en grunnform þess og gluggasetning er óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel haldið við

Varðveislugildi: Hátt Vegna aldurs og staðsetningar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Geir Gíslason
 Hönnuður: Helgi Hafliðason, arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



17.02.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbureiningar	Timbureiningar	2020 Garðskáli 26.4 ferm. austan við húsið.	Friðrik Friðriksson, arkitekt
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari		

Saga:

Fyrir hönd Geirs Gíslasonar sótti Helgi Hafliðason arkitekt um byggingarleyfi á einbýlishúsi úr „verksmiðjuframleiddum timbureiningum“ á steiptan kjallara. Voru timbureiningarnar frá Húseiningum á Siglufirði og byggingarleyfið fékkst samþykkt í nóvember 1977. Lóð Geirs var hluti af svokallaðri Hellulóð og stóð sem Hellubraut 11 um tíma og Hella 2 þar til því var breytt í Strandgötu 73b. Geir var sonarsonur Guðmundar á Hellu.

Lítill gróðurskáli er sunnan við húsið og 2020 var byggður stærri garðskáli með verönd austan við húsið

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt einingahús með einkennum 8. áratugs 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Stutt saga af núverandi húsi en saga staðarins er þekkt.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið lætur lítið yfir sér.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Grunngerð hússins hefur ekki verið breytt en það verið stækkað.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Vantar að ganga frá klæðningu undir þakskeggi.

Varðveislugildi: Miðlungs Hús sem lætur lítið yfir sér.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Skipasmíastöðin Dröfn
 Hönnuður: Gísli Guðjónsson. húsmíðameistari
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Verslun; Þjónusta
 Núverandi notkun: Verslun; Þjónusta; Hjúkrunarheimili,
 heilsugæsla



Byggðasafn Hafnarfjarðar 1946



24.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1987 Viðbygging, verkstæðishús með steypu flötu þaki 312 ferm.	Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	1994 Þakhæð breytt, byggðir portveggir og þakrými tekið í notkun, skrifstofur.	Jakob Línadal, arkitekt
Þakgerð:	Valmapak	Flatt og valmapak	1995 Innra fyrirkomulag skyndibitastaðar.	Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	1995 Viðbygging á austuhluluta lóðar, stigi og lyfta.	Sigurður Þorvarðarson, byggingafræðingur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt	1996 Svalir á þriðju hæð, útidyr og skyggni. Verslun breytt í veitingastað	Jakob Línadal, arkitekt
Útlit:	Tvílyft	Einlyft; Þrílyft		

Saga:

Skipasmíastöðin Dröfn var stofnuð af 12 Hafnfirðingum í lok árs 1941. Árið eftir var reist bráðabirgðarhús neðan Strandgötu og 1945 spilhús sem tekin var í notkun 1946 þegar byrjað var á að reisa þetta nýja verslunar- timburgeymslu- og skrifstofuhús eftir teikningum Gísla Guðjónssonar húsmíðameistara. Það tók um sjö ár að fullbyggja húsið sem er um 7000 m³. Byggt var við húsið 1987. Árið 1994 var rishæðinni breytt fyrst fyrir skrifstofur en 2005 var þar innréttuð dagvistun og síðar hvíldarinnlögn fyrir sjúklinga.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er í boga á horni sem gefur því sérstakan svip.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af starfsem Skipasmíastöðvarinnar Drafnar. Fjölbreytt starfsemi er í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið afmarkar horn Strandgötu og Mýrargötu og er kennileiti við götuna.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað og hækkað.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið þarfnast stöðugs viðhalds.

Varðveislugildi: Miðlungs Eldri hlutinn vegna sögu, starfsemi og staðsetningar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Haraldur Axel Guðjónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Óskar Sveinsson

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi



26.01.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari	Tvílyft; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Það var Haraldur Axel Guðjónsson bifreiðastjóri sem byggði eða lét reisa Strandgötu 79 eftir teikningum Óskars Sveinssonar. Húsið er steinsteypt á þremur hæðum og stendur óbreytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Nokkuð dæmigert hús fyrir 6. og 7. áratug 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Lítið er vítað um sögu hússins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af götumynd Strandgötu 79 - 85 frá 6. áratug 20. aldar. Hornhús við Mýrargötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Ekki vítað um neinar breytingar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu virðist vera haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna staðsetningar sem eitt af fjórum svipuðum húsum

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður H Ingvarsson, Þórður Bjarnason, Einar Ásmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

Hönnuður: Þórður Jónsson



26.01.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Steining, skeljasandur	Steining, skeljasandur		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari	Tvílyft; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Hinn 10. september 1954 var samþykkt byggingarleyfi fyrir leigutaka lóðarinnar Strandgötu 81 samkvæmt teikningu Þórðar Jónssonar. Eigendur hússins voru Einar Ásmundsson, Sigurður H. Ingvarsson símverkstjóri og Þórður Bjarnason bifreiðastjóri. Húsið sem er tvær hæðir og kjallari með valmaþaki stendur enn óbreytt frá fyrstu sýn.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Dæmigert fúnkishús frá miðbiki síðustu aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Lítið vitað um sögu hússins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af götumynd Strandgötu 79 - 85 frá 6. áratug 20. aldar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur nær ekkert verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Ytra byrði hússins þarfnast viðhalds. Múrskemmdir á hæðaskilum, við glugga og svalir.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna staðsetningar sem eitt af fjórum svipuðum húsum.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jóhann L. Gíslason
 Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson. byggingarfulltrúi
 Upphaflegur byggingarstíll: Dæmigert fyrir 6. áratuginn

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 2. og 3. hæð 2004



17.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	2004 Veluxþakgluggar settir í risið	Svanlaugur Sveinsson
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Þrílyft; Kvistir; Reykháfur; Svalir; Útitróppur	Þrílyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur		

Saga:

Jóhann Líndal Gíslason lét reisa Strandgötu 83 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar byggingarfulltrúa í Hafnarfirði. Yfirsíðu var Björn Ólafsson húsmiðameistari, stofnandi og framkvæmdastjóri Trésmiðaverkstæðis BÓ. Múrarmeistari var Sigurjón Jónsson en um raflögn sá Arnbjörn Guðjónsson rafvirkjameistari. Jóhann Líndal kom til Hafnarfjarðar ásamt Fjólu Símonardóttur konu sinni. Jóhann starfaði hjá Skipasmíðastöðinni Dröfn en um það leyti sem hann reisir Strandgötu 83 var hann að stofna ásamt fleirum Bátasmíðastöð Breiðfirðinga sem síðar varð Bátalón. Húsið er steinsteyp á þremur hæðum, nær óbreytt frá fyrstu tíð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Húsið er með nokkuð blandaðan stíl, þunglamaleg svalahandrið, fínlegir gluggapóstar og litlir kvistir.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið byggt í tengslum við vaxandi atvinnuuppbyggingu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Í röð fjögurra svipaðra húsa frá miðbiki síðustu aldar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur verið haldið vel við.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna staðsetningar sem eitt af fjórum svipuðum húsum.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jónas Hallgrímsson, Stefán Rafn
 Hönnuður: Jónas Hallgrímsson, Stefán Rafn
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



21.01.2022 MK



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útveggir:	Steining, skeljasandur	Steining, skeljasandur		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Félagarnir Jónas O. Hallgrímsson og Stefán Rafn Þórðarson reistu húsið Strandgötu 85. Þeir voru báðir innfæddir Hafnirðingar og sóttu báðir nám hjá Þóroddi Hreinssyni húsasmíðameistara. Jónas og Stefán Rafn stofnuðu saman Húsgagnavinnustofu Jónasar og Stefáns sem lengst af var á Hjallahrauni 8. Húsgagnaverslun áttu þeir á Strandgötu 1 sem flutt var í nýbyggt hús þeirra að Reykjavíkurvegi 64 og þótti ein af myndarlegustu húsgagnaverslunum landsins. Þeir létu reisa nýtt hús að Strandgötu 1 og komu að stofnun veitingahússins Skipphóls. Saman byggðu þeir félagar og seldu fjölda íbúða í Hafnarfirði.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Dæmigert hús fyrir fyrri hluta 20. aldar í fúnkisstíl.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsbyggjendur tengjast atvinnusögu Hafnarfjarðar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Í röð fjögurra svipaðra húsa frá miðbiki síðustu aldar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Tími að koma á viðhald, m.a. þakrennur.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna staðsetningar sem eitt af fjórum svipuðum húsum.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Bergur Jónsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar ÁKS



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1949 Gluggum breyttá austurhlíð.	Hilmar Þorbjörnsson
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1977 Stækkað til vesturs um 2.6 m	Guðmundur Gunnlaugsson, arkitektanemi
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinlímt grjót	Steinlímt grjót		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Lóðin var mæld út fyrir Berg Jónsson skipstjóra í byrjun árs 1907 sama ár og húsið var reist. Í fyrstu var húsið kennt við Berg en árið 1911 þegar hús fengu númer við götur þá varð húsið Suðurgata 2. Þegar Brunabótafélag Íslands byrjaði að vát tryggja gegn eldsvoða árið 1917 var hús Bergs Jónssonar metið á 9400kr. Því er lýst í brunavirðingunni sem einlyftu, bárujárnsklæddu timburhúsi með porti og risi. Á hæðinni voru tvær stofur, eldhús, búr og anddyri. Húsið stendur á hlöðnum kjallara sem skipt var í þvottahús og geymslu. Bergur Jónsson kom giftur maður með skipstjórapróf til Hafnarfjarðar árið 1901. Fyrstu árin eftir komuna hingað bjuggu hjónin hjá Einar Þorgilssyni sem þá bjó á Öseyri. Ásamt Einar stofnaði Bergur Útgerðarfélagið við Hafnarfjörð þegar Þilskipafélagi Garðhverfinga var sliðið 1901. Fest var kaup á togaranum Surprise en Bergur var á honum skipstjóri fram til ársins 1920. Hjónin fluttu síðan til Reykjavíkur 1931.

Árið 1949 var samþykktur kvistur á austurhlíð og gluggabreytingar eftir teikningu Hilmars Þorbjörnssonar. Gluggabreytingin var framkvæmd en ekki kvisturinn.

Viðbygging reis árið 1977, vestanvert við húsið. Voru byggingarefni þau sömu og í húsinu nema undirstöðurnar sem eru steinsteyptar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Dæmigert timurhús frá upphafi 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Fyrstu íbúar hússins eru þekktir.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Mikilvægur hluti götummyndarinnar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið verið breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu virðist vel haldið við.

Varðveislugildi: Hátt Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Vegna aldurs og hve upprunalegt það er.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Hannes Jóhannsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Byggðasafn Hafnarfjarðar 1980



20.1.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1926 Inngönguskúr stækkaður 6.15 x 2.8 m hæð 3 m.	G.E
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hraungrýti/grjót	Hraungrýti/grjót		
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Viðbygging	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Portbyggt; Ris		

Saga:

Hannes Jóhannsson sem jafnan var kallaður Hannes í Óseyri var skráður verslunarmaður þegar lóðasamningur var undirritaður 30.11.1906 og byggði hann húsið á lóðinni. Elsta lýsing af húsinu er úr brunavirðingu frá 1917 og því lýst þá sem bárujárnsklæddu portbyggtu timburhúsi á kjallara hlöðnum úr grágrýti. Árið 1921 fékk Hannes samþykkt að reisa geymsluhús á lóðinni en ekki var gerð ný brunavirðing fyrir en árið 1926 en þá var anddyrið stækkað, þar var komið fyrir herbergi og vatnssalerni. Við það hefur gluggum verið fjölgað um fjóra. Einnig var viðbygging með vatnshallapaki reist við suðurgafli hússins, hana átti að nota sem „geymslu á bíl“. Í þessar brunavirðingu er geymslan virt, sem leyfi hafði gefist fyrir árið 1921 en hún notuð sem fjárhús. Engar stórkostlegar breytingar hafa verið skráðar á Suðurgötu 30. Þakjárn var endurnýjað 2021

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Gott dæmi um einfalt timurhúsi góðum hlutföllum frá upphafi síðustu aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Saga fyrstu íbúa hússins er þekkt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujárns húsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Mikilvægur hluti af götummynd Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur nær ekkert verið breytt að utan, aðeins inngönguskúr stækkaður 1926.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlungs Vegna aldurs, upprunaleika og sem hluti af götummynd. Hverfisvernd í aðalskipulagi

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun:

Hönnuður: Sveinbjörn Sigurðsson. byggingatækniþræðingurNúverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús



20.01.2022 M.K.



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Lóðin Suðurgata 32 var upphaflega mæld út fyrir Jón Setberg Guðmundsson í lok árs 1906. Faðir Jóns var ættfaðir Setbergsættarinnar. Jón Setberg var vel metinn smíðameistari í Reykjavík. Hann lést árið 1926 er hann féll ofan af húsi sem hann var að vinna við. Óljóst er hvort hann hafi framselt Gísla Jónssyni lóðina en Gíslur var skráður eigandi hússins í brunavirðingu árið 1917. Þegar samþykkt var að reisa hús úr steinsteypu á lóðinni var timburhúsið fjarlæggt, talið að það hafi farið suður með sjó og nýt sem sumarhús. Sveinbjörn Sigurðsson tækniþræðingur teiknaði núverandi hús sem byggt var árið 1981.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt steipt hús frá síðari hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Tiltölulega nýtt hús án sögu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af götummynd Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu vel haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af götummynd.hluti af götummynd.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðlaugur Þórðarson
 Hönnuður: Þorvarður Magnússon
 Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Íbúð; Verslun
 Núverandi notkun: Íbúð; Vinnustofur



Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1998 Neðri hæð breytt úr verslun í íbúð.	Erlendur Árni Hjálmarsson, byggingafræðingur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	Útlit austurhlíðar breytt.	
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)	2021 Íbúð á neðri hæð minnkuð og breytt.	Kristinn Ragnarsson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Svalir	Tvílyft; Svalir		

Saga:

Á þessum stað árið 1919 reisti Friðrik Bjarnason tónskáld snoturt bárujárnsklætt timburhús á einni hæð. Þegar Friðrik og frú flutt burt eignaðist það Þórður Þórðarson sem lét stækka bíslagið. Í þessu húsi stofnaði hann verslun árið 1939. Þegar ákveðið var að byggja stærra og veglegra verslunar- og íbúðarhús var gamla húsið flutt og stendur nánast óbreytt við Hraunbrún.

Guðlaugur Björgvin Þórðarson vann með föður sínum í versluninni frá 1943 og tók við rekstri hennar 1951. Hann var kallaður Laugi í Laugabúð.

Lokið var við byggingu núverandi húss 1961. Guðlaugur rak þar ásamt konu sinni Sjöfn Láru Janusdóttur nýlenduvörverslun sem var jafnframt samkomustaður og umferðamiðstöð hverfisins til ársloka 1995. Laugi var með heimsendingaþjónustu og var sennilega síðasti "kaupmaðurinn á horninu" í Hafnarfirði. Fjölskyldan bjó á efri hæð hússins. Guðlaugur tók virkan þátt í ýmsri starfsemi í bæjarfélaginu. Hann var meðal annars formaður safnaðarstjórnar Fríkirkjunnar og voru stjórnarfundir þá haldnir á heimili þeirra hjóna.

Uppdráttur af tveggja hæða húsi með risi og kvistum eftir Þorvarð Magnússon var samþykktur 17.7.1956 en rishæðin var ekki byggð og uppdráttur af breytingunni liggur ekki fyrir. Bílskúrsbygging frá 1947 eftir G. J. Bjarnason.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Byggingarstíll sem var algengur á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Dæmigerð blanda af verslunar- og íbúðahúsnæði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af verslunarsögu Hafnarfjarðar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er stærra en flest hús í nágrenninu vegna verslunarstarfsemi sem var í húsinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Gluggum og gluggapóstum hefur verið breytt og einnig er breytt notkun.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er haldið vel við.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna starfsemi og sögu.
Verndarflokkar:		Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Helgi Einarsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar



20.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1936 Grafinn kjallari, reist port og ris	Sigurbent G. Gíslason
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	hækkað sem nemur vegg hæð. Kvistur	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1956 Gluggum breytt, úr 4 með	Stefán Sigurbentsson,
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	krosspóstun í 3 að austan, minnkaðir	húsasmíðameistari
Undirstaða:	Tunnur	Steinsteypt	2013 Gluggum á vesturhlíð breytt til fyrra	Kári Eiríksson, arkitekt
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Reykháfur	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari	horfs, gluggum á gafli að sunnan	

Saga:

Á þessum stað reisti fyrstur manna Bjarni Oddson bæ sem í fyrstu var nefndur Hamar en þegar byggt var rétt neðar í brún hamarsins fékk sá bæ nafnið í Hamri og uppfrá því var farið að kenna bæ Bjarna við hann sjálfan og þannig er Bjarnabæjarnafnið tilkomið.

Bjarni Oddsson var lengst af starfsmaður við Linnetsverslun

Bær Bjarna sem var allur af torfi og grjóti utan norðurgaflsins sem var af timbri var rifinn 1908 þá orðinn um 60 ára gamall. Sama ár var núverandi timburhús reist. Var húsið var reist í akkorði og meðal annars notað það sem var ófúid af smurða sænska viðnum úr gamla bænum. Þar var ekki kjallari, húsið stóð á tunnum og dunkróftum og það var einangrað með spóni. Árið 1936 var grafinn kjallari og húsið hækkað. Tvöfalt gler var sett í húsið á áttunda áratugnum. Kolastía var undir tröppunum sem síðar varð kartöflugeymsla.

Margrét Friðriksdóttir ekkja Bjarna og synir þeirra Oddur Matthías og Sæmundur Bjarni ásamt dóttur hennar Bjarnasínu og hennar maður Helgi Einarsson sjómaður bjuggu síðan í húsinu. Matthías sonur þeirra var eigandi hússins 1936.

1979 bjó enn sama fjölskyldan í húsinu, Matthías Helgason bakameistari (d. 1982) og systkini hans Sigríður og Bjarni sem var sjómaður. Hann var þá með fjórar kindur á lóðinni það ár. Matthías byrjaði að vinna í bakarí Garðars Flygenring 1918.

Gluggum hefur verið breytt til fyrra horfs.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið er einfalt timburhús í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið á sér langa sögu mun búsetu og búshætti
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Dæmigert hús fyrir byggingu í upphafi 20. aldar sem var stækkað samkvæmt þörfum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Útlitslega lítið breytt þar sem gluggar hafa aftur fengið sitt upprunalega útlit.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið vel haldið við síðastliðinn áratug.

Varðveislugildi: Miðlungs Dæmigert bárujárnsklætt timburhús frá upphafi 20. aldar með þekta sögu.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: St. Jósefssystur
 Hönnuður: Einar Erlendsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Skólahús
 Núverandi notkun: Húsið er autt



1980 Byggðasafn Hafnarfjarðar



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1971 Gluggabreyting	Sigurðir Guðmundsson
Útveggir:	Steining	Steining		
Þakgerð:	Valmapak	Valmapak	1984 Gluggabreyting á skólahúsi, skábraut fyrir hjólastóla.	Sigurður Kr. Oddsson, byggingatækniþræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	1984 Breyting á innra fyrirkomulagi	Sigurður Kr. Oddsson, byggingatækniþræðingur
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt	1993 Lyfta og anddyri, áður settur hringstigi úti að vestan.	Haukur Viktorsson, Sigurður K. Oddsson, arkitekt,
Útlit:	Þrílyft; Kjallari	Þrílyft; Kjallari	2010 Reyndarteikningar	Ólafur Axelsson, arkitekt

Saga:

St. Jósefssystur hófu barnakennslu 1930 í íbúðarhúsum á því landi sem kaþólska kirkjan hafði keypt úr landi Jófríðarstaða. Árið 1938 reistu þær skólahús á Suðurgötu 44 þar sem var almenn barnakennsla. Skólinn var í daglegu tali kallaður „Kató“. Skólanum var breytt árið 1961 í skóla eingöngu fyrir 6 ára börn og svo aftur breytt árið 1964 í leik- og föndurskóla fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Árið 1983 flutti leikskólinn að Hlíðarbraut 10. Eftir það voru lækningastofur voru í húsinu.

St. Jósefssystur seldu 1987 ríkinu og Hafnarfjarðarbæ húsið og eigaðist Hafnarfjarðarbær allt húsið 2017.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Reisulegt hús byggt samkvæmt tíðarandanum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fjöldi hafnfirskra barna hlaut menntun í húsinu.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er stórt samanborið við einbýlishús vestan við Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ytra form hússins er nær óbreytt en gluggapóstum og innra fyrirkomulagi hefur verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsinu hefur ekki verið haldið við, múr losnar af, þakkantar ónýtir og húsið hefur staðið autt í mörg ár.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur drabbast niður og steypa er orðin léleg. Þarnfast kostnaðarsamra viðgerða.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Oddný Auðunsdóttir
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun:
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar um 1927



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	Stækkun þannig að húsið varð 8.2x5.1 m hæð 3.5	Björn Benediktsson
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1994 Stór viðbygging á tveimur hæðum.	Sigurþór Aðalsteinsson, arkitekt
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinlímt grjót	Steinlímt grjót,		
Útlit:	Einlyft; Ris; Viðbygging; Kjallari	Einlyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Oddný Auðunsdóttir er skráður eigandi árið 1917 samkvæmt brunavirðingu. Oddný er gift húsmóðir í Mýrarhúsum 2 árið 1901. Mýrarhús var einnig nefnt Sjóbúð. Maður Oddnýjar var Guðmundur Ólafsson þurrabúðarmaður, hann drukknaði af kúttur Kópanes í vertíðarbyrjun árið 1903. Oddný giftist Gísla Jenssyni árið 1904 og saman byggðu þau húsið sem nú er Suðurgata 48, Gíslí lést árið 1912.

Oddný lét lengja húsið eftir teikningu Björns Benediktssonar árið 1912. Þegar Oddný lést árið 1950 var hún til heimilis að Suðurgötu 48. Haraldur I. Gunnarsson og Kristín Másdóttir byggðu við húsið 1994.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Dæmigert einfalt timburhús sem hefur tvisvar verið stækkað.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Gott dæmi um hve þröngt fólk bjó, upphaflega var húsið 27 fermetrar síðan stækkað í 44 fermetra.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götumynd Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tvisvar verið stækkað en götuhliðin óbreytt eftir að húsið var lengt..
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Hverfisvernd skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Vegna aldurs og sögu.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Þórður Einarsson
 Hönnuður: Sigurður Flygenring
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 1921



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1968 Inngangur stækkaður, v.s.	Stefán Sigurbentsson, húsasmíðameistari
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1980 Húsið hækkað, portbyggt, stækkað til vesturs, kvistir, inngangur hækkaður.	Óli Þórðarson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Kvistir; Portbyggt; Ris; Svalir; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Þórður Einarsson sjómaður fékk samþykktan lóðasamning árið 1925 en byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi ekki fyrir en í júlí 1928. Húsið var fullbyggt og fjölskyldan flutt inn í október sama ár, þá var húsið númer 28. Um 1930 er gerð númerabreyting á húsum víða í Hafnarfirði og varð þá hús Þórðar númer 50. Sigurður lést árið 1966, tveimur árum síðar var inngönguskúrin stækkaður af nýjum eigendum, eftir teikningu Stefáns Sigurbentssonar. Árið 1980 var húsið stækkað töluvert.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús sem hefur verið stækkað og breytt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hús sem er stækkað í takt við breytta tíma.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götumynd. Upphafleg gerð hússins dæmigerð fyrir 3. áratug 20. aldar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið hækkað og stækkað. Húslengd við götu óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er haldið við.

Varðveislugildi:	Hátt	Upprunaleg húsgerð algeng á sínum tíma og nú dæmi um hús sem hefur verið stækkað mikið. Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Eyjólfsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar ???



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1952	Lengt um 3 m og gerðir kvistir. Samþykkt 29.8.1952
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1999	Viðbygging 4.8 x 7.2 m og bílskúr
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		Þormóður Sveinsson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin í múr	Hlaðin í múr		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Geymsluskúr	Einlyft; Kvistir; Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Það mun hafa verið Þorlákur Þorláksson skipstjóri sem þarna byggði fyrstur torfbæ árið 1870. Hann var fæddur í Sjóbúð sem stóð í næsta nágrenni við bæ Þorláks en ekki er vitað nákvæmlega hvar. Til að byrja með var bærinn kenndur við Þorlák, s.s. Þorláksbær en árið 1873 fékk bærinn heitið „Mýrarhús“. Upphaflega var bærinn ein bygging en nokkrum árum seinna var byggður annar bær að mestu leyti eins. Mýrarhúsabæirnir voru rífnir árið 1908 þegar nýtt hús var byggt. Í elstu brunavirðingu af húsinu er því lýst sem þortbyggtu, bárujárnsklæddu timburhúsi. Ein hæð og ris, tvær íbúðir voru í húsinu og 3 eldavélar. Tveir geymsluskúrar voru á lóðinni, annar áfastur húsinu sem og inngönguskúr. Bæjarheitið hélst fram til ársins 1911 en það ár fengu hús í Hafnarfirði bæði götuheiti og húsnúmer. Varð þá Mýrarhús að Suðurgötu 20 sem síðar var númer 52.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús í góðum hlutföllum en líður fyrir stóran kvist á vesturhlíð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Dæmigert hafnfirskt íbúðarhús sem hefur tekið breytingum í takti við tímann.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Stendur hátt og ber sig vel í bæjarmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur tekið breytingum en auðvelt að lesa sögu þeirra.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er haldið vel við.
Varðveislugildi:	Hátt	Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Dæmigert hafnfirskt íbúðarhús með þekktu sögu.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Hjaltason
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Úr gamalli mynd fyrir 1920. Byggðasafn



01.02.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1977 Viðbygging, kjallari og hæð, grunnflötur stækkaður um 32.7 ferm.	Eðvarð Guðmundsson
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1999 Húsið stækkað um 75 ferm. Áfastur bílskúr. Kjallari steypur, hæð timbur.	Jakob Emil Líndal, Magnús Þór Gunnarsson, arkitekt,
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinlímt grjót	Steinsteypur		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Svalir; Útskot (karnap); Kjallari		

Saga:

Húsið byggði Guðmundur Hjaltason kennari og fræðimaður, á lóð sem þá var númer 16 við Suðurgötu en er nú Hamarsbraut 17. Í elstu brunavirðingu af húsinu sem gerð var árið 1917 er því lýst sem einlyftu bárujárnsklæddu timburhúsi á hlöðnum kjallara en ólíkt öðrum húsum var eldhúsið í kjallaranum. Árið 1929 var samþykktur lóðaleigusamningur fyrir Kristján Ágúst Kristjánsson fyrir lóðinni sem þá var Suðurgata 32. Sama ár fékk Kristján Ágúst samþykkt að flytja Íbúðarhúsið Suðurgötu 16 (Steinar), á lóðina en húsið varð óbreytt fyrir utan steyptan kjallara. Kristján hvarf í hafið með togaranum Venus í apríl 1930. Kona hans og dóttir bjuggu í um áratug í húsinu eftir það. Síðar eignast Guðríður Kristinsdóttir húsið en árið 1943 er Sigurjón Jónsson orðinn eigandi hússins. Nýr eigandi Hrafnkell Tryggvason lét stækka húsið um 32,7 fermetra en Magnús Bjarnason lét stækka húsið til norðurs og vesturs árið 1993. Húsið hefur tekið töluverðum breytingum frá upphafi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað tvisvar, fyrst lengt um 2.1 m og stækkað til vesturs og svo aftur til norðvesturs og byggður bílskúr norðan við. Bílskúr ber húsið ofurlíði.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hús sem var flutt og síðan stækkað frá 26 fermetra grunnfleti í um 96 fermetra.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af götummynd timburhúsa við götuna.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujárns húsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Húsinu hefur mikið verið breytt og inngangur er ekki í samræmi við aldur hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur fengið gott viðhald.

Varðveislugildi:	Hátt	Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Sem hluti af byggingarsögu götunnar og dæmi um flutningshús.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jón Sumarliðason
 Hönnuður: Ásgeir G. Stefánsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar



26.01.2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1961 Gluggapóstum breytt	Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	1991 Viðbygging að vestan og og inngangur stækkaður. Kvistir.	Óli Guðmundur Þórðarson, arkitekt
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Þortbyggt; Ris; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Byggingarbeiðni Jóns Sumarliðasonar sjómanns um íbúðarhúsbyggingu á lóð hans við Suðurgötu var samþykkt árið 1934. Ásgeir G. Stefánsson forsmiður og byggingameistari teiknaði húsið sem var úr timbri á steypum kjallara með baðherbergi. Ekki kemur fram í gögnum hvenær kvistar voru settir á húsið. Árið 1961 voru gerðar breytingar á gluggum, í stað pósta voru settar heilar rúður. Helgi G. Kristinsson og Birna Sigþórsdóttir stækkuðu húsið væði til norðurs og vesturs 1991 samkvæmt teikningum Óla Þórðarsonar arkitekts.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús sem hefur verið stækkað og breytt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Saga hússins er þekkt og hvernig það hefur verið stækkað samkvæmt tíðaranda.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götummynd svipaðra húsa sem voru byggð á árunum 1930-1950.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað og húslengd við götu óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er haldið við.

Varðveislugildi: Hátt Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Er hluti af götummynd árána 1934-1947.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Ingigerður Jóhannsdóttir
 Hönnuður: Einar Magnússon
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Norðausturgafi, teikning fyrir breytingu 1978



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt	1979 Kvistir á austur og vesturhlíð og innra	Páll Valur Bjarnason, arkitekt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	fyrirkomulagi breytt.	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Asbest	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Einar Magnússon byggingameistari úr Keflavík fékk árið 1943 samþykkt byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi við Suðurgötu 58. Einnig fékk hann leyfi til að standa fyrir byggingunni eftir eigin teikningu. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er Ingigerður Jóhannsdóttir skráður eigandi en lítið er vitað um hana. Árið 1979 fékk Gunnbjörn Bjarnason heimild til að stækka húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt steipt hús í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið á sér litla sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götummynd svipaðra húsa sem voru byggð á árunum 1930-1950.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kvistar hafa verið settir á húsið en grunnform þess er óbreytt. Skipt hefur verið um þakefni.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið við.

Varðveislugildi: Hátt Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Er hluti af götummynd árunum 1934-1947.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Þórir Egilsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburfúnkis

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



26.01.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1961 Kvistir	Guðmundur Þórir Egilsson
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1998 Viðbygging 22 ferm. að norðan.	Páll Valur Bjarnason, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Ris; Kjallari		

Saga:

Guðmundur Þórir Egilsson trésmíðameistari fékk byggingarleyfi 10. júní 1939 og byggði hann húsið. Hann teiknar kvisti á það 1961. Guðmundur fluttist 14 ára til Hafnarfjarðar með móður sinni, lærði trésmíð hjá Ásgeiri Stefánssyni og vann við smíðar til ársins 1935 en þá stofnaði hann ásamt fleirum Áætlanarbíla Hafnarfjarðar. Kona hans frá árinu 1943 var Sigurveig Jóhannsdóttir saman áttu þau tvær dætur. Árið 1998 var byggður inngangur við norðurenda hússins.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús með fúnkiseinkenni.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Saga hússins er þekkt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götumynd Suðurgötu í röð húsa frá fyrri hluta 20. aldar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt með kvistum og viðbyggingu sem eru í samræmi við tíðarandann þar sem tekið er tillit til mælikvarðans.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel haldið við.

Varðveislugildi: Hátt Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Gott dæmi um hús frá fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar: Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðjón Arngrímsson, Bjarni Erlendsson
 Hönnuður: Guðjón Arngrímsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Götuhið, teikning 1942



26.01.2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1973 Gluggapóstum breytt	Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Það voru Guðjón Arngrímsson byggingameistari og Bjarni Erlendsson sem fengu í febrúar 1942 byggingarleyfi fyrir húsi á Suðurgötu 62 eftir teikningu Guðjóns en hann var yfirmiður að byggingunni. Síðar sama ár er Þórður Gíslason orðinn eigandi hússins en þá sækir hann um leyfi fyrir bifreiðaskúr og geymslu- og þvottahúsi samkvæmt teikningu Guðjóns, sem hann fær samþykkt. Í fyrstu brunavirðingu af húsinu er hvorki minnst á bifreiðaskúr né geymslu- og þvottahús en sjálfst húsið er risið og því lýst sem einlyftu timburhúsi „húðað að utan“. Breyting á gluggum var gerð árið 1973 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar. Guðlaugur I. Maríasson byggingafræðingur teiknaði breytingu á þaki bílskúrs og geymslu árið 2020.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús í góðum hlutföllum með fúnkiseinkennum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið á sér litla sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af hverfisvernd yngri bárujánshúsa við Suðurgötu skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af röð húsa frá fyrri hluta 20. aldar. Húsið er timburhús og svipar til húsa nr. 56-60.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Huga þarf að viðhaldi.

Varðveislugildi: Hátt Hverfisvernd skv. aðalskipulagi 2013-2025. Hluti af götummynd húsa frá fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar: Einstök hús, götummynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Bjarni Erlendsson
 Hönnuður: Gunnar E. Bjarnason
 Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



1. hæð. Teikning 1947



26.10.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1975 Gluggapóstum breytt.	Friðþjófur Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Geiraris	Geiraris		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Kjallari	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Kjallari		

Saga:

Hinn 23. maí 1947 fékk Bjarni Erlendsson byggingameistari heimild til íbúðarhúsbyggingar á lóðinni Suðurgötu 64. Rafvirkjameistari var Þóroddur Sigurðsson. Húsið sem er steinsteypt á þremur hæðum er nánast óbreytt frá upphafi utan gluggabreytinga sem gerðar voru árið 1974 eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar. Sjálfur bjó Bjarni alla tíð á Suðurgötu 49. Lóðasamningur var gerður 5.5.1951 við Gunnar E. Bjarnason, Gróu Bjarnadóttur, Magnús Bjarnason og Guðmund Erlendsson. Eigendur 1974 voru Magnús Bjarnason, Unnar Bjarnason og Hrefna Ragnarsdóttir. Húsið var byggt af Byggingafélaginu Þór h.f.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Dæmigert einfalt steyp hús frá 5. áratug 20. aldar með einkennum funksjónalisma.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ekki mikið vítað um sögu hússins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Steypt tveggja hæða hús í röð steypa húsa við Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Aðeins gluggapóstum hefur verið breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er haldið vel við, sprungur í þakkanti.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Algeng húsagerð frá 5. áratug 20. aldar, hluti af götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Valgarð Thoroddsen
 Hönnuður: Einar Sveinsson. arkitekt
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



26.01.2022 MK



26.01.2022 M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Gaflsneitt þak	Gaflsneitt þak		
Þakklæðning:	Asbest	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Kjallari		

Saga:

Einar Sveinsson arkitekt teiknaði klassískt steipt hús sem lítur lögmálum fúnksjónalisms að innan. Björt herbergi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Hátt	Í húsinu blandast klassískur byggingarstíll og fúnksjónalismi, gluggar eru stórir en margskiptir og sumir kringlóttir. Höfundarverk Einars Sveinsonar arkitekts.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið á sér litla sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er sérstakt og mikilvægur hluti götumyndarinnar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.

Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur hátt varðveislugildi sem höfundarverk Einars Sveinsonar og mikilvægur hluti götumyndar Suðurgötu. Hluti af götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.
Verndarflokkar:	Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Kristen Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Gísli Halldórsson. Sigvaldi Thorsarson, arkitekt Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi



26.01.2022 M.K.



26.01.2022 M.K.

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð: Valmaþak

Þakklæðning: Bárujárn

Undirstaða: Steinsteyp

Útlit: Tvílyft; Ris; Reykháfur;
Svalir; Útitróppur;
Kjallari**Núverandi**

Steinsteyp

Múrsléttað

Valmaþak

Bárujárn

Steinsteyp

Tvílyft; Ris; Reykháfur;
Svalir; Útitróppur;
Kjallari**Helstu breytingar:**2013 Reyndarteikningar, opnanlegum
fögum breytt, íbúð í kjallara, breytt að**Hönnuðir breytinga:**Ágúst Þórðarson,
byggingafræðingur**Saga:**

Kristin Sigurðsson sjómaður fékk byggingarheimild sína fyrir tveggja hæða íbúðarhúsi samþykkt í febrúar 1945. Lóðasamningurinn var síðan úttefningur í október sama ár. Byggingameistarar voru Gísli Guðjónsson og Bjarni Erlendsson fyrir hönd Byggingafélagsins Þór h.f. Sú kvöð fylgdi byggingasamþykktinni að gólfhæð fyrstu hæðar yrði í samræmi við nágrennahúsin. Magnús Eyjólfsson sá um raflögnina í húsið.

Húsið sem er tvær íbúðarhæðir og kjallari sem skiptist litla íbúð þvottahús, miðstöð, geymslu var virt á 246 krónur í júlí 1946 en þá var það orðið íbúðarhæft. Húsið er að stórum hluta eins frá upphafi. Árið 2020 voru samþykktar breytingar í kjallara og útitróppur lengdar og örlítið breytt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list: Miðlungs Gott dæmi um funkishús frá 5. tug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Lágt Húsið á sér litla sögu.

Umhverfisgildi: Hátt Steyp tveggja hæða hús í röð steypa húsa við Suðurgötu.

Upprunalegt gildi: Hátt Húsinu hefur ekki verið breytt að utan.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsið hefur fengið viðhald, huga þarf að sprunguviðgerðum á hornum.


Varðveislugildi:

Miðlungs Algeng húsagerð frá 5. áratug 20. aldar, hluti af götumynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Ingólfur Flygenring
 Hönnuður: Sigurður Flygenring
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Byggðasafn Hafnarfjarðar, Þóra

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt	1942 Viðbygging við vesturhlíð	Ingólfur Flygenring
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Geiraris	Geiraris		
Þakklæðning:	Bárujárn	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft; Reykháfur; Útítröppur; Kjallari	Tvílyft; Reykháfur; Svalir; Kjallari		

Saga:

Hinn 23. Júlí 1928 fékk Ingólfur Flygenring Íshúseigandi samþykktu byggingabeiðni fyrir steinsteiptu húsi á Íshústúninu við Flensborgarveg og Suðurgötu. Í lok júlí var að mestu lokið við gröft. Þrjár hliðar hússins stóðu á fastri klöpp en norðurhlíðin á allþéttum sandblöndnum leir. Þar var þúkað undir með 11/2 steinaröð af stórum tilhöggnum grásteini. Húsið var fullbyggt og innflutningshæft í apríl 1929. Var þá húsið virt á 30.400kr. og var því lýst sem tvílyftu steinsteiptu íbúðarhúsi með „valmarisi“ og kjallari undir öllu húsinu. Á aðalhæðinni var því skipt í 3 stofur eldhús, búr forstofu og tvo ganga. Allt innan húðað og málað, linoleum dúkur og flísar á gólfum. Kork parket á borðstofunni. Fjórar stofur, „bað og V.S“ á efri hæðinni en í kjallaranum voru geymslur miðstöðvar- og þvottaklefi. Ingólfur Flygenring fékk heimild til að veðsetja hús með lóð 3.10.1929.

Árið 1942 sótti Ingólfur og fékk leyfi fyrir stækkun á húsinu samkvæmt teikningu Sigurðar Flygenring. Stækkunin fólst í viðbyggingu til vestur með veggsvölum á suðvesturhorni hússins og nú var komin íbúð í kjallarann.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Húsið var framúrstefnulegt þegar það var byggt og viðbygging fellur vel að grunngerð hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Fyrsta stóra steipta íbúðarhúsið á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Steipt tveggja hæða hús í röð steyptra húsa við Suðurgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið lítið breytt frá 1942 nema nema endurnýjun glugga sem hefur ekki verið gerð í sama stíl og grunngerð hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið haldið vel við.

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af götummynd sem lagt er til að vernda með hverfisvernd.

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti